

GAMLI BÆRINN Á SKUTULSFJARÐAREYRI- UPPLÝSINGABLAÐ

Fylgiskjal með umsókn um verndarsvæði í byggð

Á Ísafirði eru góðar aðstæður til sjósóknar og því myndaðist þar snemma þéttbýli með öflugri útgerð, verslun og styrkum grunnstoðum. Landrými var lítið og byggðin þétt, sérstaklega á Eyrinni í Skutulsfirði. Fyrsta lögformlega skipulagið á Íslandi náði yfir Skutulsfjarðareyri og frumkvöðlar í bygginarlist settu mark sitt á húsbyggingar, eins og sagt er frá í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Markmið í aðalskipulagi fyrir svæðin er að unnið sé að því að yfirbragð miðsvæða verði sem líkust því sem það var á fyrsta hluta 20. aldar. Með það í huga hefur verið ákveðið að sækja um að hluti byggðarinnar á Eyrinni verði verndarsvæði í byggð og valið að afmarka umsóknina við hluta byggðarinnar á Eyrinni. Á meðfylgjandi loftmynd eru sýnd fyrstu drög að afmörkun svæðisins en hluti af verkefninu er að afmarka svæðið nánar út frá greiningum á svæðinu og niðurstöðu þeirra.



Á Eyrinni eru mörg gömul hús sem hafa verið vel varðveitt. Svæðið allt hefur yfir sér bæjarbrag liðinna tíma og er í dag mikilvægt aðdráttarfl fyrir íbúa og gesti Ísafjarðar. Á því fer saman íbúasvæði, miðsvæði og svæði fyrir samfélagsþjónustu en þar er m.a. grunnskóli Ísafjarðar. Í Edinborgarhúsinu er menningarmiðstöð með margvíslega starfsemi m.a. veitingastaður og listaskóli.

Það er mat Ísafjarðarbæjar að full ástæða sé til að vinna að varðveislu byggðarinnar á Eyrinni vegna svipmóts og menningarsögu og að svæðið falli vel að markmiðum laga um verndarsvæði í byggð, sem eru að stuðla að vernda og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi.



Mynd af RÚV.

SKIPULAG

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar hafa verið sett hverfisverndarákvæði fyrir stóran hluta byggðarinnar á Skutulsfjarðareyri. Ákvæði hverfisverndarinnar taka til breytinga, viðhalds, niðurrifs og nýbygginga húsa en taka einnig á notkun, starfsemi og umhverfi. Hverfisverndinni er ætlað að vernda íbúa og hagsmunaaðila fyrir hugsanlegum óæskilegum breytingum á svæðinu og ásýnd þess.

Stefna um að hluti byggðarinnar á Skutulsfjarðareyri verði verndarsvæði í byggð er í samræmi við markmið í **aðalskipulagi** um menningar- og búsetuminjar, sem kveða á um að vernda skuli búsetuminjar og að íbúar og gestir skuli geta notið þeirrar menningar og sögu sem felast í búsetuminjum svæðisins. Afmarkað svæði er innan hverfisverndarsvæðisins H8. Á því svæði er elsti hluti byggðarinnar á Ísafirði. Innan svæðisins er íbúðarsvæði, miðsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og opið svæði til sérstakra nota. Um svæðið gilda nokkuð ítarleg hverfisverndarákvæði sem m.a. kveða á um að unnið verði rammaskipulag fyrir svæðið sem skuli liggja fyrir eigi síðar en á árinu 2011. Af þeirri vinnu hefur ekki orðið. Við vinnu við verndarsvæði í byggð verður tekið mið af hverfisverndarskilmálunum, þeir útfærðir frekar og mögulega leiðir vinnan til þess að tillögur koma fram um breytingar á þeim.

Stefna aðalskipulagsins um svæðið er að hús með verndargildi skuli ekki fjarlægð, staðsetning og mótun nýrra bygginga skuli falla að yfirbragði hverfisins og einkennandi arkitektúr þess tíma sem hverfið byggðist upp. Huga skal sérstaklega að gæðum í efnisvali og handverki t.a.m skulu sýnilegir hlutar ekki vera falskir, það er lausir gluggapóstar eða eftirlíkingar af timburklæðningum. Heimilt er að byggja við hús en um það sett ýmis skilyrði um arkitektúr og efnisval. Tryggja skal gæði í samræmi við hefðir og arkitektúr þess tíma sem miðað er við í uppbyggingu hverfisins. Huga skal að heildar ásýnd hverfisins og áhersla lögð á aukna vitund og fræðslu m.t.t. til sögu og menningar á svæðinu, svo eitthvað sé nefnt. Afmörkun svæðisins er hér sýnd á þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins fyrir Ísafjarðarbæ:



Vakin er athygli á því að innan svæðisins eru þjóðminjaverndarsvæði sem er afmarkað með rauðri útlínu og yfirstríkun. Þar eru eftirtalin hús friðuð og í greinargerð aðalskipulagsins er gerð grein fyrir húsunum með eftirfarandi hætti:

Svæði	Gata og húsúmer	Bygging	Byggingarár/ friðlýst
M4	Aðalstræti 7, Ísafirði	Edinborgarhúsið	1907 / 1999
M4	Aðalstræti 8, Ísafirði	Jónassenshús	1845 / 1990
M4	Aðalstræti 12, Ísafirði	Skönderborgarhús	1816 / 1990
M4	Aðalstræti 16, Ísafirði	Rögnvaldarbúð	1876 / 1993

Neðstikaupstaður er innan **deiliskipulags** fyrir Eyrina á Ísafirði en það var staðfest árið 1997. Skipulagið þarfnast endurskoðunar við og er gert ráð fyrir að niðurstaða úr ferli um verndarsvæði í byggð á svæðinu verði leiðarvísir inn í endurskoðun á deiliskipulagi þessa svæðis.



HEIMILDIR

Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Skipulagsuppráttur fyrir Ísafjörð og greinagerð.

Deiliskipulag Eyri, staðfest 1996. Skipulagsuppráttur.

Elísabet Gunnarsdóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, 1994. Skutulsfjarðareyri. Húsakönnunin á Ísafirði 1992-3.

Ragnar Edvardsson og Ruth A. Maher 2002: Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ. I. hluti Eyrarhreppur hinn forni. Svæðisskráning og aðalskráning. Jarðir: Eyri, Seljaland, Tunga, Hafrafell, Engidalur, Fossar og Kirkjuból